

# Samningur um stafræna eintakagerð í háskólum

## 1. gr. Aðild

Aðilar sammings þessa eru annars vegar Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hólaskóli háskólinn á Hólum, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst, og hins vegar Fjölís, hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttarverndar, sbr. 1. mgr. 15. gr. a í höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum.

## 2. gr. Gildissvið

Samningurinn tekur til stafrænnar eintakagerðar íslenskra verka sem höfundaréttarverndar njóta og notuð eru við kennslu í háskólum sbr. fylgiskjal A með samningi þessum.

Samningurinn tekur ekki til fjölföldunar með öðrum hætti, svo sem með ljósritun eða hliðstæðri eftirgerð, upptöku verka á hljóðrit, myndbönd eða kvikmyndir.

## 3. gr. Skilgreiningar

Með stafrænni eintakagerð er átt við skönnun eða aðra hliðstæða eintakagerð á útgefni efni, sbr. 4. og 5. gr. sammingsins, til að setja inn á rafrænan gagnagrunn, sbr. 6. gr. sammingsins.

Með útgefni verki er átt við útgefin rit s.s. bækur, tímarit, dagblöð, nótnahefti, landakort o.þ.h. svo og listaverk, ljósmyndir, leiksviðsverk, skrár og töflur, enda njóti verkið verndar samkvæmt höfundalögum.

Með blaðsíðu samkvæmt samningi þessum er átt við hverja síðu sem skönnuð er inn. Sé skönnuð inn stærri síða en A4 reiknast hver byrjuð blaðsíða sem jafngildir síðu af stærðinni A4 sem heil fjölfölduð blaðsíða.

- Hver nótnablaðsíða jafngildir samkvæmt samningi þessum fimm blaðsíðum, hver dagblaðssíða þremur blaðsíðum, hver ljóðasíða þremur blaðsíðum og hver síða leiksviðsverks tveimur blaðsíðum.
- Ef texti fylgir nótum á sömu blaðsíðu eru bæði texti og nótur gjaldskyld eins og um aðskildar síður sé að ræða.
- Hver mynd, teikning eða uppdráttur er gjaldskyld eins og um aðskildar síður sé að ræða til viðbótar texta sem á sömu blaðsíðu er, enda sé ekki aðeins um myndatexta að ræða.

Erlend verk eru talin þau verk eftir erlenda höfunda sem gefin eru út utan Íslands.

## 4. gr. Verk

Samningur þessi tekur til útgefinna prentaðra verka sbr. 2. gr. höfundalaga, sjá þó 5. gr. sammingsins.

SK  
SS  
AT  
H/PA.  
KJ  
US4

### 5. gr. Verk undanþegin samningnum

Samningurinn tekur ekki til erlendra verka.

Samningurinn tekur ekki til innlendra verka sem jafnframt eru útgefin á rafrænu formi.

Samningurinn tekur ekki til hljóðritaðra verka eða kvikmynda eða annarra hreyfimynda.

Jafnframt getur hver einstakur höfundur lagt skriflegt bann við stafrænni eintakagerð, sbr. 1. mgr. 15. gr. a höfundalaga og ber Fjölís þá að tilkynna um þá ákvörðun til háskólanna sem eru aðilar þessa samnings.

### 6. gr. Takmarkanir

Stafræn eintakagerð samkvæmt samningi þessum er eingöngu heimil til viðbótar og fyllingar öðru kennsluefni svo og venjulegum kennslubókum og að öðru leyti með þeim takmörkunum sem hér segir:

- a. Aðeins má fjölfalda stutta þætti úr hverju útgefnu riti og 20% hið mesta, þó aldrei meira en 30 blaðsíður. Þó er heimilt að fjölfalda úr hverju útgefnu riti heilan kafla eða svipað afmarkaða heild ritsins.
- b. Takmarkanir í a. lið eiga ekki við um rit sem gefin eru út með reglulegu millibili, svo sem dagblöð, vikurit og önnur tímarit. Þó má ekki fjölfalda meira en tvær greinar úr hverju tímariti nema til komi sérstakar aðstæður, t.d. ef viðkomandi tímarit er ekki fáanlegt á almennum markaði eða að aflað hafi verið sérstakrar heimildar frá Fjölís.
- c. Aðgangur að efni sem sett er inn á rafrænan gagnagrunn skv. þessum samningi skal vera takmarkaður við nemendur og kennara þess námskeiðs sem efnið er kennt í. Aðgangur skal takmarkaður með aðgangsorði sem skipt skal um á hverju misseri. Samningurinn nær ekki til námskeiða þar sem aðgangur er opinn öðrum en skráðum nemendum.
- d. Efni sem sett hefur verið inn á rafrænan gagnagrunn skv. þessum samningi skal ekki vistað lengur en til loka þess skólamisseris sem efnið er skannað inn á nema sérstaklega sé um það samið og greiðsla komi fyrir, sbr. 9. gr. þessa samnings.
- e. Samningurinn heimilar ekki eintakagerð sem talist getur útgáfa og gera skal útgáfusamning um. Stafræn eintakagerð til dreifingar meðal almennings, t.d. á alnetið, telst útgáfa í þessu samhengi og er því ekki leyfileg.

### 7. gr. Upplýsingar um höfundarétt

Hafa skal í upphafi hvers verks sem sett er inn á stafrænan gagnagrunn samkvæmt þessum samningi eftirfarandi áminningu um höfundarétt:

Lesendur eru minntir á að um verk þetta gilda reglur höfundalaga. Utan þess sem höfundalög og samningur háskólanna við Fjölís heimilar er ekki leyfilegt að

sa  
 H.B.  
 H.B.  
 H.B.

fjölfalda verk frekar, varðveita eða dreifa án samþykkis réttahafrá verksins. Ennfremur er óheimilt að breyta verkinu á nokkurn hátt.

### 8. gr. Aðrar upplýsingar sem fram þurfa að koma

Setja skal ofanmáls við hvert verk eftirfarandi upplýsingar:

1. Ef um hluta af bók er að ræða skal setja titil bókar, nafn höfundar, nafn útgefanda, dagsetningu útgáfu og útgáfustað; blaðsíðunúmer upphafs- og lokasíðu þess hluta verks sem er í gagnagrunninum;

Ef um tímaritsgrein er að ræða skal setja titil tímarits, höfund greinar, árgang tímaritsins, númer tölublaðs eða dagsetningu þess og blaðsíðutal upphafs- og lokasíðu.

2. Ef myndefni eru í verkinu þarf fjöldi mynda eða myndefnis jafnframt að koma fram og hverjir séu höfundar þess.
3. Að hin rafræna gerð verksins sé unnin samkvæmt samningi við Fjölís og sé eingöngu til nota fyrir nemendur og kennara þess áfanga sem leyfið er veitt fyrir.

Ofangreindar upplýsingar svo og upplýsingar um höfundarrétt skv. 7. gr. þurfa að koma fram ef verk úr rafræna gagnagrunninum eru prentuð út.

### 9. gr. Endurgjald til Fjölís

Við ákvörðun bráðabirgða endurgjalds samkvæmt samningi þessum hefur verið höfð hliðsjón af tilraunasamningi Fjölís og Háskólans á Akureyri (HA) um skönnun í HA. Aðilum er þó ljóst að það kann að endurspeglar annað en reyndin verður með allt háskólastigið.

Samkomulag hefur orðið um að endurgjaldið fyrir allt háskólastigið skal á gildistíma þessa samnings vera 12.000.000.- á ári frá 01.07.2008 að telja. Greitt verður árlega 01.03. ár hvert fyrir eitt ár í senn í fyrsta sinn 01.03.2009 fyrir tímabilið 01.07.2008 til 30.06.2009.

Endurgjald til Fjölís er ákveðið að teknu tilliti til fjölda nemenda og kennara í hverjum skóla og skulu háskólarnir sem eiga aðild að samningi þessum hafa tilkynnt Fjölís fyrir 01.02.2009 innbyrðis hlutfallsskiptingu endurgjaldsins milli skólanna og mun Fjölís gera reikninga á skólana í samræmi við það. Gjaldið sem er ákvarðað í grein þessari miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2008 og tekur breytingum í samræmi við breytingar á henni.

### 10. gr.

Samhliða undirritun samnings þessa skal skipa sérstaka sex manna nefnd á vegum samningsaðila til að fjalla um eftirtalin atriði:

1. Samngjarnt endurgjald til Fjölís vegna skönnunar efnis á háskólastiginu sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá því að Fjölís óskaði viðræðna um gerð

SK  
 BS  
 HA  
 HA  
 HA

samnings og til upphafs gildistíma samningsins. Nefndin skal skila niðurstöðu innan þriggja mánaða frá undirritun samningsins. Náist ekki samkomulag í nefndinni um fjárhæð endurgjalds innan þriggja mánaða munu aðilar sameiginlega óska eftir skipun þriggja manna gerðardóms þar sem hvor aðili um sig skipar einn mann og þriðji aðili verði skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. Gerðardómur skal ljúka störfum á þremur mánuðum og eru aðilar samningsins bundnir af niðurstöðu hans.

2. Endurskoðun á endurgjaldi samkvæmt samningi þessum (fyrir tímabilið frá undirritun og út gildistíma samningsins). Við ákvörðun á endanlegu endurgjaldi samkvæmt samningi þessum til hækkunar eða lækkunar skulu aðilar líta til upplýsinga um skönnun í skólunum á gildistíma þessa bráðabirgðasamnings um innskannað efni. Þá skal litið til fjölda nemenda og kennara sem hafi haft aðgang að innskönnuðu efni í tilteknum fögum og deildum til þess að ákvarða síðufjölda á hvern einstakling á hverju misseri eða skólaári. Jafnframt skulu aðila semja um síðuverð sem taki mið af gjaldi Fjölís vegna skönnunar efnis sem notað hefur verið í samningi við Háskólann á Akureyri (í dag um það bil 10 kr. pr. blaðsíðu) þar sem veittur verði sanngjarn afsláttur af síðuverði þar sem um heildarsamning við Háskólastigið er að ræða. Náist ekki samkomulag í nefndinni um fjárhæð endurgjalds innan þriggja mánaða frá lokum þessa samnings munu aðilar sameiginlega óska eftir skipun þriggja manna gerðardóms þar sem hvor aðili um sig skipar einn mann og þriðji aðili verði skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. Gerðardómur skal ljúka störfum á þremur mánuðum og eru aðilar samningsins bundnir af niðurstöðu hans.
3. Endurskoðun samningsins og gerð nýs samnings sem taki við af þessum samningi að loknu samningstímabilinu.

Nefndina skipa þrjú fulltrúar tilnefndir af samstarfsnefnd háskólastigsins f.h. háskólanna og þrjú fulltrúar tilnefndir af Fjölís. Nefndin skal skila sameiginlegri tillögu vegna 1. tl. innan þriggja mánaða frá undirritun samningsins til samstarfsnefndarinnar og Fjölís um 2. og 3. tl. í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok samningstímabilsins til sömu aðila.

Upplýsingar um allt það efni sem skannað er inn eða endurvistað á grundvelli samningsins skulu vera í rafrænum gagnagrunni viðkomandi háskóla. Í gagnagrunninum skulu vera upplýsingar um heildarfjölda blaðsíðna á hverju misseri sem um ræðir og heildarfjölda myndefnis í viðkomandi efni. Jafnframt skal koma fram hversu margir nemendur og kennarar hafa aðgang að hverju verki fyrir sig. Sex manna nefndin sbr. 1. og 2. mgr., skal hafa aðgang að gagnagrunnunum og þeim upplýsingum sem þar koma fram.

### 11. gr. Gjald dagar

Gjald dagi þóknunar er 1. mars fyrir bæði kennslumisseri viðkomandi skólaárs sbr. 9. gr.

Eindagi er 30 dögum seinna. Verði dráttur á greiðslu fram yfir eindaga skal greiða dráttarvexti í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og skulu þeir vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 6. gr. laganna.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "SR", "AS", "H/B", "KJ", and "KLIG".

## 12. gr. Framsal

Einstökum háskólum, sem eru aðilar að þessum samningi, er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt þessum samningi án sérstakrar heimildar frá Fjölís.

## 13. gr. Utanaðkomandi kröfur

Fjölís ábyrgist allar kröfur sem kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar eða höfundaréttarsamtökum sem standa utan Fjölís og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun verka á stafrænan máta samkvæmt þessum samningi.

## 14. gr. Kynning

Háskólastjórnendur skulu kynna efni samnings þessa fyrir þeim stofnunum sem falla undir samninginn, m.a. þá þætti hans sem lúta að því hvaða leyfi Fjölís veitir til eftirgerðar og þær reglur sem gilda um notkun gagnagrunnsins skv. samningnum. Háskólastjórnendur skulu fylgja því eftir að reglum samkvæmt samningnum sé fylgt til hlítar.

## 15. gr. Samningsbrot

Ef annar hvor aðili samningsins telur að hinn aðilinn vanefni efnislegar skyldur sínar samkvæmt samningnum skal sá hinn sami gera grein fyrir sínum sjónarmiðum skriflega og veita honum 15 daga frest til að bæta úr því sem áfátt er.

## 16. gr. Gerðardómur

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefnið með samkomulagi. Takist aðilum það ekki skal leggja málið fyrir gerðardóm samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989.

Gerðardómurinn skal skipaður einum gerðarmanni tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins, einum gerðarmanni tilnefndum af Fjölís og oddamanni, sem þessir gerðarmenn koma sér saman um, en hann skal jafnframt vera formaður gerðardómsins. Komi gerðarmenn sér ekki saman um oddamann, skal hann tilnefndur af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 17. gr. Tilkynningar

Allar tilkynningar milli aðila samkvæmt samningi þessum skulu sendar með bréfi í pósti eða faxi. Viðtakendur tilkynninga eru:

- A. Fjölís, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, faxnúmer 511 2213
- B. Samstarfsnefnd háskólastigsins, Háskóla Íslands, Suðurgötu, 101 Reykjavík, faxnúmer 525 4317.


## 18. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2011.


FSK JH PB  
 HFB.  
 A  
 11110


Reykjavík, 23. júní 2008


F.h. háskólanna


  
 Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands

F.h. Fjölís


  
 Halldór Birgisson, formaður  
 stjórnar Fjölís

  
 Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands

  
 Agúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

  
 Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík

  
 Agúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst

  
 Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri

  
 Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum

Vottar:

